

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Grindavíkurbæ.

*Óveruleg breyting á deiliskipulagi heilsu- og ferðaþjónustu við Bláa lónið.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var breyting á deiliskipulagi heilsu- og ferðaþjónustu við Bláa lónið samþykkt í bæjarstjórn 11. júní 2024. Í breytingunni felst að lóðastærð Norðurljósa-vegar 9 minnkar á kostnað Norðurljósa-vegar 9a, breyting er gerð á byggingarskilmálum Norðurljósa-vegar 9a og heimild er gefin fyrir flóttaleið innan svæðis. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Grindavík, 8. júlí 2024.*

**Atli Geir Júlíusson** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 12. júlí 2024